

Nd.

523. Breytingartillögur

[92. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Síðasta málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar, innsiglingarmerki, hafnsögubátar, verbúðir og sjómannastofur.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

4. málsgrein 9. gr. laganna falli niður.